
JOAN Miró.



Atlot fuglsins, 1967.

Myndlist


Bragi Ásgeirsson

Að vísu telst Listahátíð lokið, er ég færi þetta á blað, en vel að merkja ekki hvað aðalviðburði á myndlistarvettvangi snertir, en það teljast ótvírætt framlög Listasafns Íslands, Norræna hússins og Kjarvalsstaða. Allar þessar sýningar eru á fullu og sumar þeirra munu standa langt fram í júlí.

Skal fólk minnt sérstaklega á þetta og um leið vil ég upplýsa, að venjan er að sinna þeim sýningum fyrst, sem standa einungis yfir Listahátíðartímabilið en snúa sér svo af krafti að hinum.

Kjarvalsstöðum nægðu ekki minna en tvær sýningar, að þessu sinni og báðar teljast þær í hæsta gæðaflokki. Kjarval eins og hann er hvað magnaðastur, og myndverkunum betur fyrir komið en um árabil í myndlistarhúsinu, og svo fjöldi rýmisverka, auk nokkurra málverka, eftir hinn fjölhæfa spánska snilling frá Katalóníu *Joan Miró*, er telst allt í senn málari, myndhöggvari og grafíklistamaður.

Sýning verka Miró, sem hér verður fjallað um, kynnir ekki lífshlaup listamannsins heldur er hér um að ræða samtíning úr eigu listajöfursins Aimée Maegh, er hann bauð listamanninum að gera sérstaklega garð villu sinnar í Saint-Paul-de-Vence í Suður-Frakklandi. Maegh, sem var eigandi og rak eitt frægasta listhús Parísarborgar fyllti staðinn, sem fékk nafnið Fondation Maegh, af listaverkum að innnan sem utan. Eftir andlát hans og jafnvel fyrr var villan gerð að safni, og er meðal þess, sem ferðalangar sækjast hvað mest eftir að sjá í þessum undurfagra hluta Frakklands, gera sér jafnvel ferð þangað sérstaklega frá fjarlægum heimshornum.



Joan Miró var fæddur í Montroig í nágrenni Barcelona, 20. apríl 1893 og dó í Palma de Mallorka á jóladag 1983. Faðir hans var sæmilega efnum búinn gullsmiður og fjölskyldan, sem var frá Palma de Mallorka, hafði lengi stundað leirkerasmíð. Traust handverk telst líka einkennandi fyrir alla listsköpun Mirós. Hann stundaði nám við fagurlistaskólann í Barcelona á árunum 1907–1910, en yfirgaf þá skólann, sem honum þótti bæði full akademískur og vanabundinn, og setja frjálsu hugarflugi of miklar skorður. Brotthlaup hans úr skólanum olli foreldrum hans miklum áhyggjum og þau gátu talið hann á að vinna að verzlunarstörfum næstu tvö árin, en þá fékk hann aftur að mála, og mestu þrengingum hans í æsku lauk er honum tókst að fá sig innritaðan í fagurlistaskóla Galí í Barcelona 1912. Skólinn var kenndur við Francesco Galí, og sá upgötvaði fljótlega miklar listrænar gáfur hjá nemandanum og ýtti þess vegna undir eins konar þreifiæfingar til að styrkja jafnframt snertiskynið og formtilfinninguna. En einnig í þessum skóla fannst Miró sköpunarkraftur sinn ekki fá nægilega útrás og hann yfirgaf hann 1915 til að starfa í myndlist upp á eigin spýtur.

Vel að merkja var nær sex ára akademískt nám að baki, sem sýnir hvers eðlis myndlistarnám er, þar sem Miró taldist enn ekki hafa lokið því, hvað þá að hann útskrifaðist með prófi eða námsgráðum. Skólinn hafði þannig verið vinnuvettvangur hans þennan tíma og trúlega hefur hann a.m.k. lært eitthvað af þjálfun snertiskynsins hjá Galí. Því var viðbrugðið hve breiðu tæknisviði hann réði yfir, hve ríka tilfinningu hann hafði fyrir lit og hve formskyn hans var þjálfað og öruggt. Þá bera þróttmiklar og formsterkar teikningar hans einnig svip af öryggi mikilli verklegri þjálfun. Um Miró var líka eitt sinn sagt, að hann þyrfti einungis að setja þrjár litaklessur af handahófi á léreft til að komið væri óaðfinnanlegt samræmi á myndfleti.



Persóna, fugl. 31.8. 1972.

Og að Miró hafði skilning á mikilvægi handverksins og þjálfunar í myndlist má marka af því, að hann innritaðist í fagurlistaskólann í París 1937 og gerir þar nær hundrað módelteikningar, þar sem hann lagði áherslu á umformun mannslíkamans. Er borgarastríðið braust út á Spáni 1935 hafði hann flúið til Parísar sama ár og var búsettur þar til ársins 1940, er hann flúði aftur, en nú undan þýsku herjunum, um Varangeville til Palma de Mallorka.

Að baki slíks skynræns öryggis býr jafnan áralöng stöðug þjálfun og Miró gekk að vinnu sinni dag hvern og eftir hann liggur gríðarlegt lífsverk og aðeins yfirlit og lausleg skráning þess fyllir þannig þykkar listaverkabækur.

Svo lánsamur er ég, að eiga nokkrar þeirra af nýrri gerð frá því ég skoðaði Miró-safnið í Barcelona fyrir ári og hugðist þá skrifa sérstaka grein um hann, en það var nokkrum vandkvæðum bundið þar sem ég hafði rætt við ritara blaðafulltrúa safnsins, sem sjálfur var ekki við er mig bar að garði. Hún gaf mér mikilvægar upplýsingar um safnið og alls konar bæklinga, en tók af mér sérstakt loforð um að birta ekki neina mynd eftir Miró í grein minni nema að fengnu leyfi safnstjórans, Rose Marie Malet. Auðvitað vildi ég standa við orð mín en þetta er dálítið flókið, því að Malet þarf að hafa samband við fjölskylduna og fá leyfi hennar og um leið tilgreina hverja einstaka mynd, sem ég hyggst birta!

Þannig gengur þetta til í listheiminum og er rétt og eðlilegt, en ekki kemur mér til hugar að brjóta vísvitandi á rétthöfum í þessu tilliti. Af þeim sökum hef ég látið grein mína bíða, en hef fullan hug á að rita um Miró í stærra samhengi seinna með myndbirtingarleyfi frá safninu og fjölskyldu listamannsins. Ég get þessa hér sérstaklega í framhjáhlaupi af ærinni ástæðu.

Þótt aðeins lítill hluti af æviverki Mirós sé til sýnis að Karvalsstöðum, og það allt verk sem hann gerði á efri árum, er nauðsynlegt að kynna bakgrunn verkanna. Elsta verkið er frá 1960, er listamaðurinn var orðinn 67 ára gamall, en aðrar myndir gerir hann sjötugur og eldri!

Sér einhver ellimörk á þessum myndum, eða staðfesta þau kannski þegar allt kemur til alls, að allt tal um aldur og kynslóðabil í myndlist er markleysa?

Þá er athyglisvert hve æskustöðvar Mirós eru stór þáttur í allri listsköpun hans og listamaðurinn þannig trúr uppruna sínum og umhverfi.

Rætur sköpunargáfu Mirós liggja í katalónskri alþýðulist, en hann verður fljótlega fyrir greinilegum áhrifum frá Cézanne, van Gogh og Matisse. Einkum hafði Les Fauves hópurinn,sem Matisse